

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Árið 2026, þriðjudaginn 30. júní kl. 13:45 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1263. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Silvá Kjærnested staðgengill byggingarfulltrúa, Edda Þórsdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.

Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Almennadalur 27 - USK25100036

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á austurgafli og breyta innra skipulagi í austurhluta hestúss, mhl. 02, á lóð nr. 27 við Almennadal.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu áður en vottorð um lokaúttekt er gefið út.

2. Álfabakki 12 - USK25120196

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta dansskóla fyrir allt að 200 manns í rými 0301 á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Álfabakka 12, mhl.01, á lóðinni Álfab. 12-16/Þönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Álfabakki 8 - USK26050077

Sótt er um leyfi til að breyta notkun, útliti og innra skipulagi og innrétta sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði fyrrum kvikmyndahús á lóð nr. 8 við Álfabakka.

Erindi fylgir skýrsla Brunahönnunar slf um brunahönnun dags. 5. maí 2026, varmatapsútreikningar dags. 31. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júní 2026, samþykkt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ánanaust 8 - USK25050205

Sótt er um leyfi til að byggja, úr fjórum samsettum gámaeiningum, starfsmannahús, mhl.01, á lóð nr 8 við Ánanaust.

Jafnframt er erindi USK24010259 fellt úr gildi.

Stærð: 59.2 ferm., 181.7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Ánanaust 8 - USK26060364

Sótt er um leyfi til að rífa núverandi starfsmannahús, mhl.01, á lóð nr 8 við Ánanaust.

Stærð: 42.1 ferm., 117.9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. Ármúli 32 - USK26060016

Sótt er um leyfi til að fækka gluggum, koma fyrir skyggnum á suður- og norðurhlið framhúss, klæða með lóðréttri álklæðningu og sameina í einn, mhl.01 og mhl.02, á lóð nr. 32 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Barónsstígur 47 - USK26040046

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta á 3. og 4. hæð, gististað í flokki II, tegund d með 30 herbergjum auk sameiginlegrar eldunaraðstöðu og matsal á 4. hæð fyrir alls 80 gesti í húsi Heilsugæslunnar á lóð nr. 47 við Barónsstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Teikningum framvísað til skipulagsfulltrúa.

8. Bauganes 40 - USK26060384

Sótt er um leyfi byggja bílskýli og geymslu, mhl.02, við einbýlishús á lóð nr. 40 við Bauganes.

Stærð mhl.02: 61.2 ferm., 75.9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bergstaðastræti 27 - USK26060208

Sótt er um leyfi til að klæða að hluta með trefjaléttsteypuplötum og að hluta með báruáli fest á álundirkerfi, íbúðarhús nr. 27 og 27B á lóð nr. 27 við Bergstaðastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Bolholt 4 – breytingaerindi - USK26010268

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK25040306 þannig að rými 0401 og 0402 eru sameinuð, innra skipulagi er breytt og innréttaðar læknastofur og viðtalsherbergi auk starfsmannaðstöðu á 4. hæð í skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 24. mars 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. ágúst 2025.

Frestað. Lagfæra skráningu.

11. Bolholt 9 - USK25100417

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059830 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi, brunavörnum og brunamerkingum er breytt, auk þess sem sótt er um leyfi fyrir breytingu á lóð til að koma fyrir tröppum með fram fjölbýlishúsi við Bolholt 7-9, mhl.02, á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir bréf til byggingarfulltrúa dags. 19. september, greinargerð hönnuðar dags. 30. september og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 19. október 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Teikningum framvísað til skipulagsfulltrúa.

12. Borgartún 1 - USK26050149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060187 þannig að innra skipulagi í kjallara er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir hótél á lóð nr. 1 við Borgartún.

Erindi fylgir skýrsla Öruggh ehf um brunahönnun útgáfa V05 dags. 15. júní, útgáfa V05 dags. 27. apríl 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Borgartún 19 - USK26040398

Sótt er um leyfi til að bæta við loftræstirými í neðri kjallara í húsi Arionbanka á lóð nr. 19 við Borgartún.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. 11. október 2021.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Borgartún 30 - USK26060140

Sótt er um leyfi til fækka eignum með því að sameina rými 0401, 0402 og 0403 og innrétta sem heilsugæslu 4. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Byggðarendi 20 - USK26040137

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála við austurhlíð neðri hæðar og koma fyrir svalalokun á svölum efri hæðar einbýlishúss á lóð nr. 20 við Byggðarenda.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 02. júní 2026.

16. Bæjarflöt 2 – breytingaerindi - USK26060185

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25110255 þannig að innra skipulagi er breytt í iðnaðarhúsi á lóð nr. 2 við Bæjarflöt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Bústaðavegur 97 - USK26050183

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054829 þannig að innra skipulagi íbúðar 0201 er breytt í íbúðarhúsi á lóð nr. 97 við Bústaðaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir útgáfu vottorðs um lokaúttekt.

18. Egilsgata 14 - USK26030423

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060948 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi kjallara, útfærslu og hæð skjólveggja og tilhögun innan lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 14 við Egilsgötu.

Erindi umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2026 og yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

19. Eldshöfði 2A - USK26050385

Sótt er um heimild til að byggja spennistöð fyrir dreifistöð Veitna á lóð nr. 2A við Eldshöfða

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

20. Fossaleyfir 19-23 – breytingaerindi - USK26030119

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050045 þannig að innra skipulagi er breytt, vöruhúsi bætt við á austurhlíð og brunavarnir uppfærðar fyrir iðnaðarhúss á lóð nr. 19 - 23 við Fossaleyfi.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

21. Fálkabakki 1 - Breytinga innanhúss - USK26050004

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra skipulagi og innréttingum er breytt í leikskólanum Fálkaborg á lóð nr. 1 við Fálkabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Grensásvegur 50 - USK26030162

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta ? í rými 0201 í skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hafnarstræti 7 - USK26050365

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 7 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hagatorg 1 - USK26040333

Sótt um leyfi til að sameina undir eitt málnúmer stoferindi BN061414, USK23060270, USK23100364, USK24020129, USK24060326, USK24090120, USK24100247, USK25010125 og USK25050362 auk breytingarerinda vegna lokaúttektar á hótelveitinga- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir skýrsla Örugg um brunavarnir útg. V16, dags. 23.06.2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu áður en vottorð um lokaúttekt er gefið út.

25. Hjallavegur 30 - USK26050396

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu til vesturs íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 30 við Hjallaveg.

Stækkun: 23.4 ferm., 81,9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og samþykki aðliggjandi lóðarhafa fyrir sorpi.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir útgáfu vottorðs um lokaúttekt.

26. Hraunbær 102 - USK26050359

Sótt er um að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki II, tegund A í stað bensínstöðvar, mhl. 03, í verslunarhúsi á lóð nr. 102 við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlíð rishæðar og fá ósamþykktu íbúð 0301 samþykktu í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 08. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hrefnugata 9 - USK26010266

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja tvo kvisti og svalir, innrétta svefnherbergi og baðherbergi í risi og breyta innra skipulagi á 2. hæð, einnig er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt í kjallara og á 1. hæð, innréttað íbúðarherbergi í hluta bílskúrs og byggð köld geymsla í garði einbýlishúss á lóð nr. 9 við Hrefnugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. mars 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026 og bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2026.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 2. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hverafold 1-3 – breytingaerindi - USK26060035

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24120098 þannig að innra skipulagi og brunavörnum er breytt í rými 0103 í verslunar- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

30. Höfðabakki 1 - USK26060159

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 02-0102 úr veitingastað í hárgreiðslustofu í skrifstofu og atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Höfðabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Ingólfsstræti 19 - USK26030134

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi hreyfihamlaðra og uppfæra brunahönnun í kirkju Aðventista á lóð nr. 19 við Ingólfsstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

32. Kleppsvegur 64 - USK26040338

Sótt er um leyfi til að grafa frá hluta vesturhliðar, síkka glugga og færa inngang, breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar, leggja niður skrifstofur og fjölga dvalarrýmum um 24 þannig að samtals verði 129 dvalarrými á dvalarheimilinu Skjól við Kleppsveg 64, mhl. 20, á lóð nr. 13 við Brúnaveg.

Erindi fylgir greinargerð forstjóra hjúkrunarheimilisins Skjóls dags. 9. júní 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Kringlan 1 - USK26050078

Sótt er um leyfi til að koma auglýsingaskilti fyrir á suðurgafli prentsmiðju á lóð nr. 1 við Kringluna.

Stærð skiltis: 7.00 x 15.0 metrar

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

34. Kringlan 4-6 - USK26050033

Sótt er um leyfi til að útbúa þaksvalir út frá matsvæði, rými 0201 í mhl. 02 á 3. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 4-6 við Kringluna

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir útgáfu vottorðs um lokaúttekt.

35. Laugateigur 14 - USK26050440

Sótt er um leyfi til að byggja vinnustofu meðfram lóðarmörkum og upp að bílskúr aðliggjandi nr. 16, mhl.03, og tilheyrir íbúð ???? í íbúðarhúsi á lóð nr. 14 við Laugateig.

Stærð: 32.4 ferm., 109,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa og lóðarhafa að Laugateig1 nr. 16.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

36. Lækjargata 1 - USK26050309

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi að rífa anddyri á austurhlið Stjórnarráðsins, skrifstofuhúsi, mhl.01. á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Magn niðurrifs: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags.18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags: 17. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Lækjargata 1 - USK26050308

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða skrifstofuhús auk kjallara og tengigangs að austurhlið Stjórnarráðs Íslands, mhl.01, á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Stærð: 1.685.1 ferm., 6.692.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnunar dags: 18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags: 17. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Malarhöfði 2 - USK25100142

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum byggðum á erindi BN048604, samþykktu 22. desember 2014 í rými 0201 verslunar- og skrifstofuhúsi við Malarhöfða 2, mhl.02, á lóð nr. 2-2A við Malarhöfða.

Erindi fylgir ódagsett samþykki og samkomulag eigenda rýma 0201 og 0202, skýrsla um húsaskoðun dags. 19. janúar 2026, breytt erindislýsing dags. 5. janúar 2026, og yfirlit breytinga á aðaluppráttum samþykktum 22. desember 2014.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

39. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss, mhl. 01 og bílskúrs, mhl. 02, á lóð nr. 11 við Miðtún.

Stækkun: Mhl.02: 30.1 ferm., 81.7 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Miðtún 13 og Samtún 22 dags. 2. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Neshagi 13 - USK26040019

Sótt er um heimild til að opna milli rýma með því að fjarlægja burðarvegg og koma fyrir stálbita neðan við loft íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 13 við Nesveg.

Erindi fylgir umsögn burðavirkishönnuðar dags. 1. apríl 2026 og samþykki meðlóðarhafa dags. 22. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Rafstöðvarvegur 33 – breytingaerindi - USK26020160

Sótt er um leyfi gera tröppur og inngang að kjallara við norðausturhlið, mhl.01, breyta innra skipulagi og innrétta sem íbúð í kjallara íbúðar 0101 og til þess að byggja tvöfaldan bílskúr, mhl. 02, á við parhús á lóð nr 33 við Rafstöðvarveg.

Stærð mhl.02: 49.0 ferm., 135,8 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dag, 9. júní 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Rauðalækur 45 - Breyting á innra sk. - USK26060136

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að færa eldhús og lagnir í íbúð 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45 við Rauðalæk.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. september 1956.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

43. Skarfabakki (án lóðar) - Tjald á Skarfabakka - USK26020154

Sótt er um stöðuleyfi fyrir tjaldi fyrir 300 manns auk salernisþjónustu til að þjónusta farþegum skemmtiferðaskipa, staðsett tímabundið utan lóðar við Korngarða 13 á Skarfabakka.

Stærð: 20.0 x 52.0m

Landeignarnúmer - 999038

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

44. Skeifan 11C – breytingaerindi - USK26040255

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25090130 þannig að innra skipulagi skyndibitastaðar, veitingastað í flokki I tegund c fyrir mest 20 gesti er breytt í rými 0102 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Skeifuna 11c, mhl.03, á lóð nr. 11 við Skeifuna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Skipholt 17 - USK26060181

Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi á rými 0002 sem er skráð í sameign allra en á að vera í séreign 0001 ásamt því er sótt um að stigahús, þvottur og svalagangur verði breytt úr sameign allra í sameign sumra í verslunar og íbúðarhúsi á lóð nr. 17 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags: 05.05.26

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Skógarhlíð 12 - USK26050340

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í norðurhluta 5. hæðar, rými ? í skrifstofuhúsi á lóð nr. 12 við Skógarhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

47. Sogavegur 108 - USK26040116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttaðar hafa verið læknastofur á 2. hæð, íbúð 0201 minnkuð og innra skipulagi í kjallara breytt, auk þess gluggum hefur verið breytt og suðurgafli klæddur áklæðningu á verslunar og skrifstofuhúsi, mhl.03, lóð nr. 1-3 við Réttarholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Lagfæra skráningu.

48. Staðarbakki 26 - USK26040399

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir efri hæðar og nýja útihurð á austurhlið neðri hæðar raðhúss nr. 26, mhl.06, á lóð nr. 16-26 við Staðarbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

49. Stefnisvogur 54 - USK26040023

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3 - 7 hæða fjölbýlishús með 86 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 72 bílastæðum, geymslum og tæknirýmum á lóð nr. 54 við Stefnisvog.

Stærð: 10.655,50 ferm., 32.956,7 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 24.júní 2026 og greinargerð Cowi um hljóðvist, útgáfa 1.0 dags. 1. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

50. Steinhöfði 2A - USK26050386

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að reist er spennistöð fyrir dreifistöð Veitna á lóð nr. 2A við Steinhöfða.

Stærð: 7.5 ferm., 21.8 rúmm.

Erindi fylgir hæðar- og mæliblað. dags. 21. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

51. Stjörnugróf 9 - USK26020186

Sótt er um leyfi til að breyta að reisa gróðurhús ásamt þökkunaraðstöðu og starfsmannarýmum, mhl. 0?, á lóð nr. 9 við Stjörnugróf.

Stærð: 521.8 ferm., 2.444.4 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 12. mars 2026.

Frestað. Lagfæra skráningu.

52. Suðurlandsbraut 40 - USK26030032

Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi USK23070201 þar sem breytt er innra skipulagi í íbúðum 05-0102, 05-0203, 05-0305, 05-0805, 06-0802 ásamt því að breyta skráningu á rýmum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 40 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

53. Sörlaskjól 10 - USK26060086

Sótt er um leyfi til að færa aðalinngang hússins frá suðversturhlið að norðurhlið og byggja nýja forstofu með gestasalerni við einbýlishús á lóð nr. 10 við Sörlaskjól.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki eigenda lóðar nr. 12 við Sörlaskjól dags. 21. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

54. Torfufell 23 - USK26050338

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fjarskiptabúnaði á norðurgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Torfufell.

Hæð masturs 4 metrar.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2026.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.

55. Tryggvagata 19 - USK26060158

Sótt er um leyfi til að skipta út hringhurð á norðurhlið og setja í staðinn iðnaðarhurð ásamt því að setja reykholmfandi skil á milli matarmarkaðar og nytjamarkaðar í Kolaportinu, á 1. hæð í skrifstofu- og vörugeymslu á lóð nr. 19 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir greinagerð Brunahönnunar sfl. um brunavarnir dags. 28.05.2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Túngata 5 - USK26010494

Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í mhl. 02 sem er skráð sem bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 5 við Túngötu.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 14. apríl 2026.

Jafnframt er erindi USK23050301 dregið til baka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

57. Valshlíð 1 – breytingaerindi - USK26060110

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145, með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að brunamerkingar glugga eru uppfærðar í fjölbýlishúsi við Valshlíð 1, á lóð nr. 2 við Haukahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

58. Vesturgata 3 - USK26050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og á fyrstu hæð á veitingastað í flokki II, fyrir 155 gesti í rými 0101 í veitinga- og íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Athugasemdir frá öðrum eigendum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

59. Vogaland 12 - USK24110062

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og fá samþykkt áður gerða ósamþykkt íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 12 við Vogaland.

Erindi fylgir afrit af skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa dags. 28. júlí 1993, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025 og eignarskiptayfirlýsing móttækin til þinglýsingar 1. nóvember 1993.

Frestað. Vísað til athugasemda.

60. Þönglabakki 1 - USK25110395

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi verslunar Nettó í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Þönglabakka 1, mhl.06 á lóðinni Álfab.12-16/Þönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. september og 16. október 2018.

Frestað. Lagfæra skráningu.

61. Æsufell 6 - USK26050047

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innréttu íbúð í rými 0101 í fjölbýlishúsi, mhl. 03, á lóð nr. 6 við Æsufell.

Erindi fylgir greinagerð hönnuðar dagsett 1. apríl 2026, og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Hjálögð er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl.14:35
Silvá Kjærnested
Edda Þórsdóttir
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir